

Ársskýrsla
kærunefndar
jafnréttismála
2023

**Ársskýrsla kæruneftndar
jafnréttismála 2023**
Ársskýrslan er gefin út
samkvæmt 2. mgr. 11. gr.
laga nr. 151/2020, um
stjórnarsýslu jafnréttismála.

Umsjón og ritstjórn:
Kristín Benediktsdóttir
formaður

Útgefandi:
Kæruneftnd jafnréttismála
Hverfisgötu 4a
101 Reykjavík
Netfang: knj@knj.is

ISSN 2772-1671

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Ávarp formanns | 4 |
| Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð | 7 |
| Skipan kæruneftndar jafnréttismála | 8 |
| Tölfræði mála | 9 |
| Niðurstöður mála á árinu 2023 | 15 |
| Mál innan vinnumarkaðar | 15 |
| Ráðning/skipun. Kyn. (4) | 15 |
| Ráðning. Kyn. Aldur. (2) | 16 |
| Ráðning. Þjóðernisuppruni. (1) | 17 |
| Ráðning. Fötlun. Viðeigandi aðlögun. (2) | 17 |
| Uppsögn. Kyn. Þjóðernisuppruni. Fjölbætt mismunun. Orlof. (1) | 17 |
| Uppsögn. Þjóðernisuppruni. Kynþáttur. Fjölbætt mismunun. (1) | 18 |
| Uppsögn. Fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði. (3) | 18 |
| Launamunur. Kyn. (2) | 19 |
| Greiðsla veikindadagpeninga. Fötlun. Skert starfsgeta. (1) | 20 |
| Afturköllun. (1) | 20 |
| Mál utan vinnumarkaðar | 21 |
| Fötlun. Viðeigandi aðlögun. (1) | 21 |
| Frávísun. (2) | 21 |
| Endurupptaka. (1) | 21 |
| Málsmeðferðartími kæruneftndar jafnréttismála | 22 |

Ávarp formanns

Skýrsla þessi er þriðja skýrsla kærunefndar jafnréttismála um störf nefndarinnar sem skilað er til forsætisráðherra í samræmi við 2. mgr. 11. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála. Í skýrslunni er m.a. að finna upplýsingar um fjölda kærumála hjá nefndinni á árinu 2023 og umfjöllun um niðurstöður þeirra mála sem voru afgreidd á því ári. Afgreiddir úrskurðir á árinu 2023 voru samtals 22 en kærunefndin hefur aldrei áður afgreitt svo marga úrskurði á einu ári. Þá barst samtals 21 mál á árinu 2023.

Lög nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála, gilda um störf kærunefndar jafnréttismála þegar hún tekur til meðferðar kærur sem til hennar er beint eftir því sem mælt er fyrir um í þremur lagabálkum, þ.e. lögum nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, og kveður upp skriflegan bindandi úrskurð gagnvart málsaðilum um hvort ákvæði þessara laga hafi verið brotin í einstökum tilvikum. Gilda lögin jafnt um opinbera aðila og einkaaðila, hvort heldur sem er innan eða utan vinnumarkaðar varðandi allar mismununarástæðurnar sem tilgreindar eru í lögunum, þ.e. kyn, kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skerta starfsgetu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu. Ákvæði um mismunandi meðferð á grundvelli aldurs utan vinnumarkaðar tekur að vísu ekki gildi fyrr en 1. júlí 2024. Valdsvið kærunefndar er því mjög umfangsmikið.

Kærunefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og sæta úrskurðir hennar ekki kærur til æðra stjórnvalds. Nefndin er vistuð í forsætisráðuneytinu en hún er skipuð þremur nefndarmönnum sem sinna starfinu í aukastarfi meðfram öðrum störfum. Einn löglærður ritari er nefndinni til aðstoðar sem sinnir því starfi í hlutastarfi meðfram starfi sínu í forsætisráðuneytinu.

Málin sem koma til kasta kærunefndar jafnréttismála taka tíma í meðförum nefndarinnar enda er um að ræða lagalega flókin álitaefni. Ljóst er að rík rannsóknarskylda hvílir á nefndinni og þarf kærunefndin því oftast en ekki að óska eftir frekari upplýsingum og skýringum frá aðilum svo hægt sé að komast að niðurstöðu í máli. Málsmeðferðartíminn fyrir nefndinni á árinu 2023 var að meðaltali

sex mánuðir frá því að síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður. Markast málsmeðferðartíminn fyrir nefndinni af fyrrnefndum atriðum, auk þess sem málum hefur fjölgað töluvert fyrir nefndinni á síðastliðnum árum sem tengist því að valdsvið hennar hefur verið stækkað. Stendur nefndin því á ákveðnum tímamótum. Til að sporna við lengri málsmeðferðartíma er mikilvægt að taka heildstætt til skoðunar þá umgjörð sem nefndin býr við. Hér má nefna að kostnaður við rekstur nefndarinnar er mjög lítill í samanburði við aðrar kærunefndir innan stjórnarsýslunnar, á það m.a. við um laun til nefndarmanna.

Eins og sjá má á málunum sem reifuð eru í skýrslunni varða þau flest atvik innan vinnumarkaðar og þá einkum ráðningar eða skipanir á grundvelli kyns en eitt slíkt mál varðaði einnig aldur og annað þjóðernisuppruna. Þá vörðuð nokkur málanna uppsagnir á grundvelli kyns en þó einnig á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna, auk þess sem þrjú mál vörðuð uppsagnir á grundvelli fæðingarorlofs eða ástæðna tengdu því. Þá varða fleiri mál mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna og fötlun en áður. Því til viðbótar má bæta við að nokkur stefnumarkandi mál voru afgreidd á árinu. Sem dæmi má nefna tvö mál sem vörðuð fötlun og viðeigandi aðlögun, annað utan vinnumarkaðar og varðaði synjun á afgreiðslu rafrænna skilríkja en hitt innan vinnumarkaðar og varðaði ráðningu í starf á leikskóla. Í báðum tilvikum var talið að um væri að ræða brot á ákvæðum jafnréttislaga. Þá má nefna mál sem varðaði fjölþætta mismunun innan vinnumarkaðar, þ.e. kyn, kynþátt og þjóðernisuppruna, en í því máli var um að ræða uppsögn konu úr starfi þjálfara hjá knattspyrnufélagi. Komst nefndin að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða brot á ákvæðum jafnréttislaga.

Í þessu sambandi er rétt að taka fram að það sem skiptir mestu máli við meðferð mála fyrir kærunefnd er sönnunarregla jafnréttislaga. Gildir hún í öllum málum sem koma til kasta nefndarinnar og óháð því hvort kærði er opinber aðili eða einkaaðili eða hvort um sé að ræða ákvörðun innan eða utan vinnumarkaðar. Samkvæmt sönnunarreglunni þarf sá sem kærir mál til kærunefndar að geta leitt líkur að því að kærði hafi brotið ákvæði jafnréttislaga með tilteknum ákvörðunum eða athöfnum sem að honum beinast óháð því hver grundvöllur mismununar er. Takist það er það kærða að sýna fram á með gögnum og upplýsingum að aðrar ástæður hafi legið að baki ákvörðun eða athöfnum hans en þær sem geta leitt til brots gegn

ákvæðum jafnréttislaga. Slík gögn geta verið öll þau gögn og upplýsingar sem lágu fyrir þegar ákvörðun var tekin, þ.m.t. bréf sem hafa farið á milli aðila, fundargerðir eða jafnvel minnispunktar. Er það kærða að tryggja sönnun í slíkum tilvikum. Samkvæmt því verður niðurstaðan alltaf byggð á þeim upplýsingum og gögnum sem lágu fyrir þegar ákvörðun var tekin við mat á því hvort jafnréttislög hafa verið brotin í einstökum tilvikum. Hér er líka rétt að áréttu að kærunefnd endurmetur ekki einstakar matskenndar ákvarðanir kærða eins og til að mynda hver hafi verið best til þess fallinn að hljóta tiltekið starf, enda ekki hlutverk kærunefndar að taka afstöðu til slíks.

Eins og áður segir afgreiddi kærunefndin 22 mál á síðasta ári, en í 18 þeirra var komist að efnislegri niðurstöðu. Var talið að um væri að ræða brot á jafnréttislögum í átta þessara mála eða 44% þeirra, sem er hærra hlutfall en á síðasta ári þegar það var 30% en það var hærra hlutfall en árið þar á undan þegar það var 25%. Hefur brotum á jafnréttislögum því hlutfallslega aðeins fjölgað.

Júlí 2024

Kristín Benediktsdóttir

Hlutverk kæruneftndar jafnréttismála, aðild, kærufrestur og málsmeðferð

Kæruneftnd jafnréttismála er starfrækt á grundvelli III. kafla laga nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laganna er hlutverk nefndarinnar að taka til meðferðar kærur sem beint er til hennar eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um jafnréttismál, sbr. 1. gr. laganna, og kveða upp skriflegan úrskurð um hvort ákvæði þeirra laga hafi verið brotin.

Með lögum um jafnréttismál er átt við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, lög nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar, og lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök sem telja að ákvæði framangreindra laga hafi verið brotin gagnvart sér geta leitað atbeina kæruneftndar jafnréttismála, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála. Erindi skulu berast nefndinni skriflega innan sex mánaða frá því að vitneskja um ætlað brot á lögum um jafnréttismál lá fyrir, frá því að ástandi sem talið er brot á hlutaðeigandi lögum lauk eða frá því að sá er málið varðar fékk vitneskju um ætlað brot, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga nr. 151/2020. Málsmeðferð fyrir kæruneftndinni er að jafnaði skrifleg en þó getur nefndin kallað málsaðila eða fulltrúa þeirra á sinn fund telji nefndin ástæðu til.

Kæruneftndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum og úrskurðir hennar sæta ekki kærur til æðra stjórnvalds. Úrskurðir nefndarinnar eru bindandi gagnvart málsaðilum en þeim er heimilt að bera úrskurði nefndarinnar undir dómstóla. Með lögum nr. 151/2020 kom inn það nýmæli að kæruneftnd jafnréttismála skuli stefnt ásamt kæranda til varnar í málum þar sem úrskurður er kæranda í hag en gagnaðili höfðar mál til ógildingar úrskurði. Ekki hefur enn reynt á aðild kæruneftndar fyrir dómstólum.

Skipan kæruneftndar jafnréttismála

Samkvæmt 7. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála, skipar ráðherra samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar þrjá fulltrúa í kæruneftnd jafnréttismála til þriggja ára í senn, þar af bæði formann og varaformann. Þeir skulu allir hafa lokið embættis- eða meistaraþrófi í lögfræði og a.m.k. tveir þeirra, þar á meðal formaður, hafa sérþekkingu á sviði jafnréttismála, þar af einn á jafnrétti kynjanna og einn á jafnrétti í víðtækari merkingu. Formaður og varaformaður, sem jafnframt er aðalmaður, skulu uppfylla skilyrði um embættisgengi héraðsdómara. Jafn margir varamenn eru skipaðir með sama hætti.


Kæruneftnd jafnréttismála skipa Kristín Benediktsdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands sem jafnframt er formaður nefndarinnar, Andri Árnason, lögmaður sem jafnframt er varaformaður nefndarinnar, og Ari Karlsson lögmaður. Varamenn eru Sigurður Örn Hilmarsson lögmaður, Berglind Bára Sigurjónsdóttir, skrifstofustjóri í dómismálaráðuneytinu, og Anna Tryggvadóttir, skrifstofustjóri í mennta- og barnamálaráðuneytinu. Í byrjun árs urðu þær breytingar á skipan nefndarinnar að Ari Karlsson, sem hafði áður verið varamaður, var skipaður aðalmaður og Anna Tryggvadóttir, sem hafði áður verið aðalmaður, var skipuð varamaður.

Kæruneftnd jafnréttismála hefur aðsetur hjá forsætisráðuneytinu og nýtur aðstoðar starfsmanns þess í hlutastöðu. Ritari nefndarinnar er Ingigerður Bjarndís Írisar Ágústsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu jafnréttis- og mannréttindamála.

Tölfræði mála


Árið 2023 var 21 mál stofnað í málaskrá kæruneftndar jafnréttismála. Líkt og sjá má á meðfylgjandi skýringarmynd fjórfaldaðist fjöldi mála árið 2020 og hefur sá málafjöldi haldist nokkuð stöðugur síðan.

Mynd 1: *Fjöldi kærumála hjá kæruneftnd jafnréttismála árin 1993–2023.*




Árið 2023 voru 22 mál afgreidd hjá kæruneftnd jafnréttismála eða tvöfalt fleiri en árið áður. Líkt og sjá má á þeim skýringarmyndum sem fylgja á næstu síðu jókst hlutfall brota á jafnréttislögum lítilla á árunum 2021–2023.


Mynd 2: *Niðurstaða afgreiddra mála árið 2023.*



Mynd 3: *Niðurstaða afgreiddra mála árið 2022.*



Mynd 4: *Niðurstaða afgreiddra mála árið 2021.*



Tafla 1: *Mál stofnuð í málaskrá kæruneftndar jafnréttismála árið 2023.*

| Mánuður | Fjöldi mála |
|----------------|-------------|
| Janúar | 1 |
| Febrúar | 2 |
| Mars | 2 |
| Apríl | 1 |
| Maí | 2 |
| Júní | 3 |
| Júlí | 1 |
| Ágúst | 1 |
| September | 3 |
| Október | 0 |
| Nóvember | 3 |
| Desember | 2 |
| Samtals | 21 |

Hér á eftir er yfirlit yfir mál sem bárust kæruneftnd jafnréttismála á árunum 2021–2023, flokkuð eftir efni kæru og mismununarástæðu í sviga, niðurstöðu, kyni kæranda og stöðu kærða.

Tafla 2: *Yfirlit mála fyrir kæruneftnd jafnréttismála 2021-2023.*

2023

| Efni kæru | Niðurstaða | Kærandi | Kærði |
|--|------------|---------|--------------|
| Uppsögn (þungun maka) | (Ólokið) | kk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn) | (Ólokið) | kk | Ríkið |
| Ráðning (kyn) | Brot | kk | Ríkið |
| Ráðning (fötlun) | (Ólokið) | kvk | Ríkið |
| Synjun um endurnýjun ráðningar (trú) | Ekki brot | kk | Ríkið |
| Meðferð í skólastarfi (kynþáttur/ þjóðernisuppruni) | (Ólokið) | kk | Sveitarfélag |
| Uppsögn (leiðréttingarkrafa) | (Ólokið) | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn og aldur) | Brot | kk | Ríkið |
| Brottrekstur úr meðferð (sjúkdómur) | Frávísun | kk | Félagasamtök |

| | | | |
|--------------------------------------|-------------|-----|--------------|
| Skipun (kyn) | (Ólokið) | kk | Ríkið |
| Brottvikning | Frávísun | kvk | Félagasamtök |
| Uppsögn í fæðingarorlofi | (Ólokið) | kvk | Einkaaðili |
| Framkoma á vinnustað | Frávísun | kk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn) | (Ólokið) | kvk | Sveitarfélag |
| Uppsögn (leiðréttingarkrafa) | Afturköllun | kvk | Einkaaðili |
| Skipan í nefnd (kyn) | Frávísun | kvk | Sveitarfélag |
| Ráðning (kyn) | (Ólokið) | kk | Sveitarfélag |
| Ráðning (kyn) | (Ólokið) | kk | Ríkið |
| Skipun (kyn) | (Ólokið) | kvk | Ríkið |
| Beiðni um endurupptöku | Synjað | kvk | Félagasamtök |
| Skipulagsbreytingar /Uppsögn (aldur) | (Ólokið) | kk | Ríkið |

2022

| Efni kærðu | Niðurstaða | Kærandi | Kærði |
|--------------------------------|-------------|---------|---------------------|
| Ráðning (fötlun) | Ekki brot | kvk | Sveitarfélag |
| Launasetning (kyn) | Ekki brot | kk | Ríkið |
| Launasetning (kyn) | Afturkallað | kvk | Einkaaðili |
| Uppsögn í fæðingarorlofi | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (aldur) | Afturkallað | kvk | Ríkið |
| Launasetning (kyn) | Fellt niður | kvk | Einkaaðili |
| Launasetning (kyn) | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Launasetning (kyn og þjóderni) | Brot | kvk | Sveitarfélag |
| Uppsögn á meðgöngu | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn og aldur) | Ekki brot | kvk | Sveitarfélag |
| Ráðning (kyn og aldur) | Ekki brot | kvk | Sveitarfélag |
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kvk | Ríkið |
| Uppsögn (þjódernisuppruni) | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Veiting þjónustu (fötlun) | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (þjódernisuppruni) | Ekki brot | kvk | Sveitarfélag |
| Ráðning (kyn) | Brot | kk | Einkaaðili |
| Meðferð (aldur) | Frávísun | kk | Einkaaðili |
| Ráðning (fötlun) | Brot | kvk | Sveitarfélag |
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kk | Ríkið |
| Ráðning (fötlun) | Ekki brot | kk | Opinbert hlutafélag |
| Uppsögn í tæknifrjóvgunarferli | Ekki brot | kvk | Einkaaðili |

Úthlutun úr sjóði (fötlun og skert starfsgeta) Ekki brot kk Einkaaðili

2021

| Efni kærur | Niðurstaða | Kærandi | Kærði |
|------------------------------|-------------|---------|---------------------|
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kk | Sveitarfélag |
| Uppsögn (kyn og þjóðerni) | Brot | kvk | Byggðasamlag |
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kk | Ríkið |
| Uppsögn (skert starfsgeta) | Ekki brot | kvk | Einkaaðili |
| Uppsögn (aldur) | Brot | kk | Opinbert hlutafélag |
| Ráðning (aldur) | Brot | kk | Ríkið |
| Ráðning (aldur) | Ekki brot | kvk | Ríkið |
| Skipun í nefnd (kyn) | Ekki brot | kvk | Ríkið |
| Úthlutun úr sjóði (aldur) | Afturkallað | kk | Ríkið |
| Ráðning (kyn og aldur) | Ekki brot | kk | Ríkið |
| Starfsréttindi (aldur) | Frávísun | kk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kk | Sveitarfélag |
| Uppsögn (aldur) | Frávísun | kk | Ríkið |
| Uppsögn (leiðréttingarkrafa) | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kvk | Einkaaðili |
| Agaviðurlög (kyn) | Ekki brot | kk | Ríkið |
| Uppsögn (leiðréttingarkrafa) | Brot | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (kyn) | Ekki brot | kvk | Einkaaðili |
| Ráðning (aldur) | Ekki brot | kvk | Ríkið |
| Áreitni (kyn, trúarskoðanir) | Ekki brot | kvk | Einkaaðili |

Tafla 3 sýnir fjölda mála og niðurstöðu í kærumálum á árunum 2021–2023. Í júlí 2024 var enn ólokið 12 málum frá fyrra ári.

Tafla 3: *Fjöldi kæra fyrir kæruneftnd jafnréttismála.*

| | 2021 | 2022 | 2023 |
|------------------|------|------|------|
| Kætur | 20 | 22 | 21 |
| þar af: | | | |
| Brot | 5 | 8 | 2 |
| Ekki brot | 12 | 10 | 1 |
| Frávísun | 2 | 1 | 2 |

| | | | |
|---------------------------|---|---|----|
| Synjað um endurupptöku | | | 1 |
| Kæra afturkölluð af aðila | 1 | 2 | 0 |
| Úrskurður afturkallaður | | | 1 |
| Mál fellt niður | | 1 | 0 |
| Í vinnslu í júlí 2024 | | | 15 |

Tafla 4 sýnir fjölda afgreiddra mála og niðurstöður þeirra á árunum 2021–2023.

Tafla 4: *Fjöldi afgreiddra mála fyrir kærunefnd jafnréttismála.*

| | 2021 | 2022 | 2023 |
|-------------------------|------|------|------|
| Mál | 14 | 11 | 22 |
| þar af: | | | |
| Brot | 3 | 3 | 8 |
| Ekki brot | 9 | 7 | 10 |
| Frávísun | 2 | 1 | 2 |
| Synjað um endurupptöku | | | 1 |
| Úrskurður afturkallaður | | | 1 |

Samkvæmt lögum nr. 151/2020, um stjórnarsýslu jafnréttismála, geta einstaklingar, fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök leitað atbeina kærunefndar jafnréttismála. Í töflu 5 eru mál flokkuð eftir málshefjendum.

Tafla 5: *Málshefjendur kærumála árin 2021–2023.*

| Ár | Karl | Kona | Kynhlutlaus skráning* | Félagasamtök /stéttarfélag |
|------|------|------|-----------------------|----------------------------|
| 2021 | 10 | 10 | | |
| 2022 | 6 | 16 | | |
| 2023 | 12 | 9 | | |

*Með lögum nr. 150/2020 varð sú breyting að lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna taka nú í heild sinni einnig til einstaklinga sem hafa hlutlausu skráningu kyns í þjóðskrá. Frá gildistöku laganna hefur ekki borist kæra frá einstaklingi með hlutlausu skráningu kyns til kærunefndarinnar.

Niðurstöður mála á árinu 2023

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir niðurstöðum mála sem var lokið á árinu 2023.

Mál innan vinnumarkaðar

Ráðning/skipun. Kyn. (4)

Mál nr. 19/2021 frá 23. febrúar 2023 (A gegn mennta- og barnamálaráðuneytinu). Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun mennta- og menningarmálaráðherra, nú mennta- og barnamálaráðherra, um að skipa karl í embætti skólameistara Verkmenntaskóla Austurlands. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns við skipun í embættið. Var því ekki fallist á að ráðuneytið hefði gerst brotlegt við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 12/2022 frá 21. apríl 2023 (A gegn Landspítala). Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun L um að ráða karl í starf yfirlæknis heila- og taugaskurðlækninga. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að L hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 19/2022 frá 11. október 2023 (A gegn Skattinum). Ekki fallist á brot.

A kærði þá ákvörðun S að ráða tiltekna konu í starf sérfræðings á Eftirlits- og rannsóknasviði hjá embættinu, en hún var ein fjögurra kvenna sem voru ráðnar á sama tíma auk þriggja karla. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að A hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að S hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 3/2023 frá 20. desember 2023 (A gegn Menntaskólanum í Kópavogi). Fallist á brot.

A kærði ákvörðun M um að ráða konu í starf matreiðslumeistara við skólann sem hann hafði sótt um ásamt tveimur öðrum körlum. Í ljósi þess að konan sótti um starfið daginn eftir að umsóknarfrestur rann út og henni einni var boðið í viðtal var talið að ekki hefði verið jafnræði með umsækjendum við umsóknarferlið. Var A talinn hafa leitt líkur að því að kyn hefði haft áhrif á ákvörðun M um ráðningu konunnar, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þá varð ekki séð að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun M. Varð það niðurstaða kærufndar að kærði hefði mismunað umsækjendum um starf á grundvelli kyns, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020. Var því talið að M hefði brotið gegn lögum nr. 150/2020.

Ráðning. Kyn. Aldur. (2)

Mál nr. 11/2022 frá 27. júlí 2023 (B gegn Akureyrarbæ). Ekki fallist á brot.

B kærði ákvörðun A um ráðningu á sex slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum í sumarafleysingar. Fyrir lá að um var að ræða ráðningu á þremur körlum og þremur konum sem bæði voru eldri og yngri en kærandi. Að mati nefndarinnar hafði hvorki verið sýnt fram á að B hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, né aldurs, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Var því hvorki fallist á að A hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 né lög nr. 86/2018.

Mál nr. 10/2022 frá 27. júlí 2023 (B gegn Akureyrarbæ). Ekki fallist á brot.

B kærði ákvörðun A um ráðningu á sex slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum í sumarafleysingar. Fyrir lá að um var að ræða ráðningu á þremur körlum og þremur konum sem voru bæði eldri og yngri en kærandi. Að mati nefndarinnar hafði hvorki verið sýnt fram á að B hefði verið mismunað á grundvelli kyns við ráðningu í starfið, sbr. 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, né aldurs, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Var því hvorki fallist á að A hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 né lög nr. 86/2018.

Ráðning. Þjóðernisuppruni. (1)

Mál nr. 15/2022 frá 23. nóvember 2023 (A gegn Þingeyjarsveit). Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun Þ um ráðningu íslenskrar konu á leikskóla. Af kæru mátti ráða að kærandi héldi því fram að henni hefði verið mismunað á grundvelli þjóðernisuppruna, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli þjóðernisuppruna við ráðningu í starfið. Var því ekki fallist á að Þ hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.

Ráðning. Fötlun. Viðeigandi aðlögun. (2)

Mál nr. 20/2022 frá 19. desember 2023 (A gegn Ríkisútvarpinu ohf.). Ekki fallist á brot.

A, sem er með fötlun, kærði þá ákvörðun R ohf. að ráða hann ekki í hlutastarf við prófarkalestur. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunað á grundvelli fötlunar. Var því ekki fallist á að R ohf. hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Mál nr. 18/2022 frá 19. desember 2023 (A gegn Garðabæ). Fallist á brot.

A, sem er með fötlun, kærði ákvörðun G um að falla frá ráðningu í starf á leikskóla en fyrir lá að hún stóð ein eftir í ráðningarferlinu. Var fallist á að A hefði leitt líkur að því að henni hefði verið mismunað á grundvelli fötlunar, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., og 10. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þá varð ekki séð að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun kærða. Var því fallist á að G hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.

Uppsögn. Kyn. Þjóðernisuppruni. Fjölbætt mismunun. Orlof. (1)

Mál nr. 8/2022 frá 19. júlí 2023 (A gegn Svalbarðsstrandarhreppi). Fallist á brot.

A kærði ákvörðun S um að gera ekki upp áunnið orlof við uppsögn hennar við tónlistardeild grunnskólans. Hélt A því fram að henni hefði verið mismunað á grundvelli kyns og þjóðernisuppruna þar sem orlof

var gert upp að loknum uppsagnarfresti hjá samstarfsmanni hennar, íslenskum karli, en ekki henni. Er hún af öðrum þjóðernisuppruna en karlinn en hún hafði verið búsett hér á landi frá árinu 2011. Í ljósi þess að munur var á uppgjöri við uppsögn þessara tveggja starfsmanna hjá kærða var talið að A hefði leitt líkur að því að kyn og þjóðernisuppruni hefði haft áhrif á ákvarðanir kærða í tengslum við uppsögn hennar, sbr. 2. mgr. 18. gr. og 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna, og 15. gr. laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Þá varð ekki séð að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun kærða. Var því talið að kærði hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020 og lög nr. 86/2018.

Uppsögn. Þjóðernisuppruni. Kynþáttur. Fjölbætt mismunun. (1)

Mál nr. 13/2022 frá 8. ágúst 2023 (A gegn Knattspyrnufélaginu Þrótti). Fallist á brot.

A kærði ákvörðun K um að segja sér upp störfum. Af kæru mátti ráða að kærandi héldi því fram að henni hefði verið mismunað á grundvelli kynþáttar og þjóðernisuppruna með uppsögninni, sbr. 1. mgr. 8. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., laga nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði. Í ljósi þeirra gagna sem A lagði fram í málinu og þess að K lagði engin gögn fram sem hnektu staðhæfingum A var talið að A hefði leitt líkur að því að kynþáttur og þjóðernisuppruni hefði haft áhrif á ákvörðun K um starfslok hennar, sbr. 15. gr. laga nr. 86/2018. Þá varð ekki séð að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun K. Var því talið að K hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.

Uppsögn. Fæðingar- og foreldraorlof eða aðrar aðstæður tengdar meðgöngu og barnsburði. (3)

Mál nr. 4/2022 frá 13. apríl 2023 (A gegn Mini Market ehf.). Fallist á brot.

A kærði ákvörðun M ehf. um að segja henni upp störfum í lok fæðingarorlofs og riftun á ráðningarsamningnum. Samkvæmt uppsagnarbréfinu var ástæða uppsagnarinnar samdráttur en M ehf. rifti ráðningarsamningi í uppsagnarfresti þar sem A hafði ekki mætt til vinnu eftir fæðingarorlof. Var M ehf. ekki talinn hafa sýnt fram á að aðrar ástæður en fæðingarorlof eða aðrar aðstæður tengdar barnsburði hefðu legið til grundvallar ákvörðun hans um að segja A upp störfum.

Samkvæmt því var M ehf. talinn hafa gerst brotlegur við 1. mgr., sbr. 2. mgr., 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Að fenginni þessari niðurstöðu var ekki talin þörf á að taka afstöðu til þess hvort riftun á ráðningarsamningi hefði verið andstæð lögum. Þá var ekki fallist á að kærandi hefði leitt líkur að því að þjóðernisuppruni hefði haft áhrif á uppsögn hennar og því ekki fallist á að M ehf. hefði brotið gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði.

Mál nr. 9/2022 frá 27. apríl 2023 (A gegn Dýralæknum Sandhólaferju ehf.). Fallist á brot.

A kærði ákvörðun S ehf. um að segja henni upp störfum á meðgöngu. Samkvæmt uppsagnarbréfinu var ástæða uppsagnarinnar nauðsynlegar skipulagsbreytingar og fyrirsjáanlegur samdráttur. Var S ehf. ekki talinn hafa sýnt fram á að ákvörðun um uppsögn A hefði grundvallast á öðrum ástæðum en fæðingar- og foreldraorlofi, meðgöngu eða barnsburði. Samkvæmt því var S ehf. talinn hafa brotið gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr., 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

Mál nr. 21/2022 frá 29. desember 2023 (A gegn B). Ekki fallist á brot.

A kærði ákvörðun B um að segja henni upp störfum. Hélt A því fram að uppsögnina mætti rekja til aðstæðna tengdum meðgöngu og barnsburði hennar. Í ljósi þess að kærandi var ekki þunguð við uppsögnina varð að ganga út frá að uppsögn kæranda hefði ekki verið grundvölluð á aðstæðum tengdum meðgöngu eða barnsburði. Að mati kærunefndar höfðu því ekki verið leiddar líkur að því að uppsögn A hefði grundvallast á ástæðum samkvæmt 4. mgr. 19. gr. laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Var því ekki fallist á að B hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020.

Launamunur. Kyn. (2)

Mál nr. 2/2022 frá 5. apríl 2023 (A gegn Matvælastofnun). Ekki fallist á brot.

A kærði mismun á launum hans og samstarfskonu hans hjá M. Ekki var fallist á að A hefði leitt líkur að því að laun hans hefðu verið ákvörðuð lægri fyrir sömu eða jafn verðmæt störf. Var því ekki fallist á að M hefði gerst brotlegur við lög nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna.

**Mál nr. 7/2022 frá 14. júlí 2023 (A gegn Rauða krossinum á Íslandi).
Fallist á brot.**

A kærði mismun í um átta mánuði á launum hennar hjá R og karlkyns samstarfsmanns sem hóf störf um mánuði eftir að hún hóf störf en þau gegndu sams konar starfi. Jafnframt kærði hún mismun sem fólgin var í því að hún fékk ekki endurskoðun á launum samkvæmt ráðningarsamningi eins og karlinn. Í málinu lá fyrir viðurkenning R á því að hann hefði gert mistök við greiðslu launa til A, að hann hefði hækkað launin til samræmis við laun karlsins og greitt A launamuninn afturvirkkt. Í samræmi við það varð ekki hjá því komist að telja að A hefði viðurkennt brot gegn 1. mgr. 18. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 150/2020, um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Samkvæmt því var það niðurstaða kærunefndar að A hefði verið mismunad á grundvelli kyns í launum þegar hún gegndi starfi lögfræðings hjá R.

Greiðsla veikindadagpeninga. Fötlun. Skert starfsgeta. (1)

Mál nr. 22/2022 frá 29. desember 2023 (A gegn Styrktarsjóði BSRB).

A kærði S fyrir að hafa greitt sér dagpeninga vegna veikinda í styttri tíma en þeim sem nutu skemmri veikindaréttar. Taldi A að úthlutunarreglur S fælu í sér mismunun gagnvart sjóðfélögum og brytu þar með gegn lögum nr. 86/2018, um jafna meðferð á vinnumarkaði, en hann væri fatlaður og með skerta starfsgetu. Að mati kærunefndar hafði ekki verið sýnt fram á að kæranda hefði verið mismunad. Var því ekki fallist á að S hefði gerst brotlegur við lög nr. 86/2018.

Afturköllun. (1)

Mál nr. 15/2023 frá 19. september 2023 (A gegn B ehf.).

Ákveðið var að afturkalla úrskurð í máli nr. 18/2021 með vísan til 2. tölul. 25. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Fyrir lá að kærandi hafði ekki verið upplýst um tiltekin gögn sem kærði hafði óskað eftir trúnaði um, sbr. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 151/2020, um stjórnarsýslu jafnréttismála. Samkvæmt því hafði ekki verið gætt að andmælarétti, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, fyrir kærunefndinni og úrskurðurinn þar með ógildanlegur.

Mál utan vinnumarkaðar

Fötlun. Viðeigandi aðlögun. (1)

**Mál nr. 14/2022 frá 8. nóvember 2023 (A gegn Auðkenni ehf.).
Fallist á brot.**

A, sem er með fötlun, kærði synjun um útgáfu á rafrænum skilríkjum sér til handa, virkjun þeirra og neitun um viðeigandi aðlögun. Í málinu lá fyrir að A, sem getur ekki slegið inn PIN-númer á símann sinn vegna fötlunar, var synjað um útgáfu rafrænna skilríkja og virkjun þeirra á þeim grundvelli að hún gæti ekki ein og óstudd beitt þeim. Var því fallist á að A hefði leitt líkur að því að henni hefði verið mismunað á grundvelli fötlunar, sbr. 7. gr., sbr. 1. mgr. 1. gr., og 7. gr. a laga nr. 85/2018, um jafna meðferð utan vinnumarkaðar. Þá varð ekki séð að hlutlæg og málefnaleg sjónarmið hefðu legið til grundvallar ákvörðun kærða. Var því fallist á að A ehf. hefði gerst brotlegur við lög nr. 85/2018.

Frávísun. (2)

Mál nr. 11/2023 frá 19. júlí 2023 (A gegn B). Frávísun.

Kærandi kærði brottvikningu úr B. Þar sem kæran barst kærunefnd eftir að lögmæltur kærufrestur var liðinn var henni vísað frá nefndinni.

**Mál nr. 9/2023 frá 27. júlí 2023 (A gegn S.Á.Á. sjúkrastofnunum).
Frávísun.**

Kærandi kærði þá ákvörðun sjúkrahússins Vogs að vísa honum fyrirvaralaust úr meðferð. Taldi kærandi að um væri að ræða mismunun á grundvelli sjúkdóms. Var málinu vísað frá nefndinni þar sem það féll utan valdsviðs hennar.

Endurupptaka. (1)

Mál nr. 20/2023 frá 20. desember 2023 (A gegn B).

Beiðni kæranda um endurupptöku máls nr. 11/2023 var hafnað, enda hefði úrskurður kærunefndar í málinu ekki byggt á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr. stjórnarsýslulaga, nr. 37/1993, sbr. einnig 1. tölul. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 408/2021, um kærunefnd jafnréttismála.

Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála

Tafla 5: *Málsmeðferðartími kærunefndar jafnréttismála árið 2023.*

| Málsnúmer | Dags. kæru | Síðustu gögn | Dags. úrskurðar | Dagar frá kæru | Dagar frá síðustu gögnum |
|-----------|------------|--------------|-----------------|----------------|--------------------------|
| 19/2021 | 6.12.2021 | 30.6.2022 | 23.2.2023 | 444 | 238 |
| 2/2022 | 23.2.2022 | 27.6.2022 | 5.4.2023 | 406 | 282 |
| 4/2022 | 9.3.2022 | 12.1.2023 | 13.4.2023 | 400 | 91 |
| 12/2022 | 14.8.2022 | 1.11.2022 | 21.4.2023 | 250 | 171 |
| 9/2022 | 3.5.2022 | 11.11.2022 | 27.4.2023 | 359 | 167 |
| 7/2022 | 31.3.2022 | 16.11.2022 | 14.7.2023 | 470 | 240 |
| 8/2022 | 24.3.2022 | 29.4.2023 | 19.7.2023 | 482 | 81 |
| 11/2023 | 22.6.2023 | 22.6.2023 | 19.7.2023 | 27 | 27 |
| 11/2022 | 5.5.2022 | 29.7.2022 | 27.7.2023 | 448 | 363 |
| 10/2022 | 5.5.2022 | 15.7.2022 | 27.7.2023 | 448 | 377 |
| 9/2023 | 11.6.2023 | 11.6.2023 | 27.7.2023 | 46 | 46 |
| 13/2022 | 31.8.2022 | 26.1.2023 | 8.8.2023 | 342 | 194 |
| 19/2022 | 27.11.2022 | 14.9.2023 | 11.10.2023 | 318 | 27 |
| 14/2022 | 19.10.2022 | 6.2.2023 | 8.11.2023 | 385 | 275 |
| 15/2022 | 21.10.2022 | 10.10.2023 | 23.11.2023 | 398 | 44 |
| 20/2022 | 16.12.2022 | 2.5.2023 | 19.12.2023 | 368 | 231 |
| 18/2022 | 15.11.2022 | 13.3.2023 | 19.12.2023 | 399 | 281 |
| 3/2023 | 17.2.2023 | 16.8.2023 | 20.12.2023 | 306 | 126 |
| 20/2023 | 31.7.2023 | 31.7.2023 | 20.12.2023 | 142 | 142 |
| 21/2022 | 22.12.2022 | 2.5.2023 | 29.12.2023 | 372 | 241 |
| 22/2022 | 28.12.2022 | 14.7.2023 | 29.12.2023 | 366 | 168 |

Samkvæmt lögum nr. 151/2020, um stjórnslu jafnréttismála, skal kærunefnd jafnréttismála kveða upp úrskurð eins fljótt og auðið er og eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að gagnaöflun er lokið.

Málsmeðferðartími nefndarinnar árið 2023 var að meðaltali 342 dagar eða rúmlega 11 mánuðir frá kæru til úrskurðar. Að meðaltali liðu 182 dagar eða sex mánuðir frá því að síðasta gagn lá fyrir í máli þar til kveðinn var upp úrskurður.

